



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

14. febrúar 2006

Efni: Umsögn um tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, sbr. þingskjal 427 - 371. mál.

Í upphaflega frumvarpinu sem lagt var fram í nóvember sl. var lögð til sú breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að í 1. gr. breyttist lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs úr 10% í 12% frá 1. janúar 2006. Í þeim tillögum sem hér eru til umfjöllunar er miðað við gildistöku frá 1. janúar 2007 sem er til bóta og í samræmi við kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins við stéttarfélag innan ASÍ og mörg önnur stéttarfélag, en 1. janúar 2007 tekur almennt gildi hækkun mótframlags vinnuveitenda í samtryggingarlífeyrissjóði úr 7% í 8%, þannig að heildariðgjaldið verður 12% frá þeim tíma. Samtök atvinnulífsins komu athugasemdum á framfæri við fjármálaráðuneytið um að umrædd breyting hefði í för með sér ófyrirséð áhrif á kjarasamning bankamanna, en ákvæði þess samnings eru frábrugðin þeim sem almennt eru í gildi hjá öðrum viðsemjendum Samtaka atvinnulífsins.

Grein 12.6.2 í kjarasamningi bankamanna hljóðar svo: „Íðgjöld í stigadeildir lífeyrissjóða eru samkvæmt lögum og samþykktum, þannig að 4% eru dregin af launum starfsmanns og vinnuveitandi greiðir sem svarar 6% mótframlag.“ Síðan segir í grein 12.6.2: „Vegna þeirra starfsmanna sem greiða í stigadeildir lífeyrissjóða greiðir bankinn sem svarar 7% af heildarlaunum starfsmanns í séreignarlífeyrissjóð í samræmi við það samkomulag sem fyrir liggur hjá hverjum aðila fyrir sig.“ Það „samkomulag sem fyrir liggur hjá hverjum aðila fyrir sig“ kveður á um að þetta 7% framlag í séreignarlífeyrissjóð gildi fyrir þá starfsmenn sem ráðnir eru eftir 1994 og hafa náð 36 mánaða starfsaldri í viðkomandi banka. Verði upphaflegt frumvarp eða umræddar tillögur um breytingu á því að lögum munu bankarnir að óbreyttu þurfa að hækka framlög í lífeyrissjóði um 2% vegna þessara starfsmanna með stuttan starfsaldur. Það er varla ætlun löggjafans að grípa inn í kjarasamninga með þessum hætti.

Sá misskilningur kann að hafa verið uppi að hækkun lágmarksiðgjalds úr 10% í 12% myndi hafa áhrif almennt á kjarasamning bankamanna. Svo er ekki þar sem bankarnir greiða 17% iðgjald í lífeyrissjóði, 10% í samtryggingarlífeyrissjóð og 7% í séreignarlífeyrissjóði, vegna þeirra starfsmanna sem náð hafa þriggja ára starfsaldri. Ef b.-lið 1. gr. tillögunnar er ætlað að heimila þessa skiptingu iðgjaldsins þá er honum ofaukið þar sem slík heimild er til staðar í 2. mgr. 3. gr. laganna sem hljóðar svo: Lífeyrisiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarkstryggingaverndar, sbr. 4. gr., og eftir atvikum til viðbótartryggingaverndar, sbr. 8.–10. gr.




Umræddur b.-liður 1. gr. tillögunnar hljóðar svo: „Heimilt er að semja um það í kjarasamningi að hluti lágmarksiðgjalds komi til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla, en þó skal lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs aldrei vera lægra en 10% af iðgjaldsstofni.“ Þessi viðbót er ekki aðeins óþörf heldur til þess fallin að skapa misskilning. Hún kann auk þess að fela í sér hvatningu til þess að iðgjald til samtryggingar sé fært niður í 10% en ástæða þess að samið var um hækkun þess í 12% var lýðfræðileg, þ.e. auknar ævilíkur og vaxandi örorkutíðni. Aukna byrði af þessum sökum er samtryggingarlífeyrissjóðum ætlað að axla.

Kjarasamningur bankamanna færir starfsmönnum bankanna ríkuleg lífeyrisréttindi. Greitt er 17% iðgjald af starfsmönnum með a.m.k. þriggja ára starfsaldur og þar til viðbótar spara flestir 4% til viðbótar og fá 2% mótframlag, þannig að algengast er að heildariðgjald í lífeyrissjóði sé 23%. Í samningaviðræðunum um endurnýjun kjarasamningsins, sem er á milli Sambands íslenskra bankamanna og Samtaka atvinnulífsins, og gildir frá 1. október 2004 til 1. október 2008, var ekki áhugi á því að bæta neinu við þau lífeyrisréttindi sem samningurinn tryggir og þar af leiðandi var kostnaðarauka samningsins öllum veitt í hækkun beinna launaliða.

Frumvarpið og fyrirliggjandi tillaga um breytingu á því hróflar við þessum kjarasamningi og knýr bankana til þess að auka iðgjöld til lífeyrissjóða vegna þeirra starfsmanna sem hafa styttri en þriggja ára starfsaldur. Á það geta Samtök atvinnulífsins ekki fallist. Samtökin leggja því til að inn komi bráðabirgðaákvæði sem hljóði svo:

„Ákvæði 1. gr. um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs hækki úr 10% í 12% hróflar í engu við ákvæðum þeirra kjarasamninga sem í gildi eru við gildistöku frumvarps þessa. Ákvæði kjarasamninga sem kunna að stangast á við ákvæði 1. gr. komi til endurskoðunar að afloknum gildistíma þeirra.“

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson